

Re: Deiliskipulag í Reykjanesi við Djúp, Súðavíkurhreppi

Búið til	9.11.2022 17:32:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.11.2022 17:32:05
Tilheyrir	202209-0025 - Deiliskipulag í Reykjanesi við Djúp, Súðavíkurhreppi.

Efni

Re: Deiliskipulag í Reykjanesi við Djúp, Súðavíkurhreppi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	9.11.2022 17:32:05	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	jbh@verkis.is, sudavik@sudavik.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0025 (SS, RT).

Vísað er til tölvupósts frá Súðavíkurhrepp, dags. 26. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag af athafnasvæði á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Deiliskipulagssvæðið er innan marka svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, en á Reykjanesinu er eitt mesta jarðhitasvæði á Vestfjörðum og er gróðurfar nokkuð fjölbreytt. Ummerki um jarðhita eru að finna bæði í fjöru og inni á nesinu sjálfu. Jarðvegshitinn og vatn við yfirborð skapa aðstæður fyrir fjölbreyttan jarðhitagróður og smádýralíf. Á Reykjanesi einkennist gróðurfarið af mýrahveravist, sem finnst á nokkrum blettum á nesinu, og um hana seytle jarðhitalækir. Þar finnast meðal annars æðplöntutegundirnar naðurtunga, sem einungis þrífst við jarðhita, og flóajurt, sem er að mestu bundin við jarðhita. Rýna þarf vandlega öll áform um framkvæmdir og jarðhitanýtingu með það í huga hver áhrifin gætu orðið á jarðhitavistgerðir og það lífríkis sem þar þrífst m.a. sjaldgæfar plöntutegundir.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að æðplöntutegundin vatnamynta (*Mentha aquatica*) sem er sjaldgæf og finnst í töluverðum mæli við jarðhita á Reykjanesi er ekki friðuð. Hún var á valista Náttúrufræðistofnunar frá 1996 en við endurskoðun er hún ekki lengur talin uppfylla forsendur fyrir þeirri skráningu þar sem hún er

líkast til innflutt tegund hér á landi. Naðurtunga og flóajurt eru hins vegar tegundir sem eru bæði friðaðar og á nógildandi valista æðplantna frá 2018.

Jarðhitavistgerðir þær sem finnast á Reykjanesi og eru metnar með mjög hátt verndargildi er líklega ekki að finna innan deiliskipulagsreitsins. Þær eru þó í næsta nágrenni og mikilvægt er að meta hvort nýting jarðhita hafi áhrif á þær þótt þær séu utan skipulagssvæðisins.

Svæðið nær einnig að hluta inn á tillögusvæði Náttúrufræðistofnunar fyrir verndun sela, en innanvert Ísafjarðardjúp er með mikilvægari búsvæðum landsels, þar sem hafa verið látur með samtals yfir 800 landselum. Framkvæmdir og athafnir á Reykjanesi, sérstaklega nálægt fjörunni geta því haft áhrif á seli í nágrenninu.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er allt land Reykjanes á nógildandi náttúruminjasrá (C-hluta) m.a. vegna þeirra atriða sem búa að baki B-hluta tillögunum en einnig fleiri atriða t.d. sérkennilegra sjávarrofsmyndana og fjölskrúðugs fuglalífs.

Áherslur í landmótun eins og þeim er lýst í greinargerðinni bera þess merki að ganga eigi varlega um viðkvæma náttúru svæðisins og leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að svo verði. Einnig að tekið sé tillit til þess að framkvæmdir og starfsemi geti truflað dýralíf eins og seli og fugla.

Ekki liggur fyrir að fullu hvernig starfsemi verður á annarri lóðinni, og því erfitt að meta hver möguleg umhverfisáhrif af henni getur orðið.

Fram kemur að öflun heits vatn megi ekki hafa áhrif á vaxtarskilyrði vatnamyntu. Eins og kom fram hér að framan ætti frekar að horfa til vaxtarskilyrða naðurtungu og flóajurtar og stöðu jarðhitavistgerða almennt. Jákvætt er að stefnt sé að samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi vatnsöflunina.

Í ljósi þess að verndargildi strandsvæða er töluvert m.a. sem búsvæði fyrir seli og fugla er mikilvægt að markmið um fráveitu standist og að framkvæmd á útrás affallsvatns hitaveitu valdi ekki óhóflegu raski.

Ef vel tekst til ættu áhrif deiliskipulagsins á náttúru Reykjanes að vera óveruleg eins og fram kemur í umhverfisskýrslunni. Þar vegur þyngst umfang uppbyggingar og að svæðið þar sem uppbygging er áætluð er nokkuð raskað. Staðsetning deiliskipulagssvæðisins í næsta nágrenni við viðkvæmar jarðhitavistgerðir með mjög hátt verndargildi, vaxtarstaði sjaldgæfra plantna, jarðminjar og búsvæði sela og fugla gera það að verkum að fara þarf sérstaklega varlega til að þessi markmið um óveruleg áhrif náist. Fylgjast þarf sérstaklega vel með áhrifum af aukinni jarðhitanýtingu á jarðhitavistgerðir, ekki síst því óvissa er um áhrif á langtímavernd vatnsauðlindinnar og þar sem ekki liggur fyrir að fullu hvaða starfsemi verði á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað en gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jóhann Birkir Helgason" <jbh@verkis.is>

To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Anton Helgason" <anton@hefv.is>; "Hlynur Reynisson" <hlynur@hefv.is>; "simaverdir@vedur.is" <simaverdir@vedur.is>;

"Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:


Subject: Deiliskipulag í Reykjanesi við Djúp, Súðavíkurhreppi

Date: 26.9.2022 15:47:19

Súðavíkurhreppur sendir hér með til umsagnar deiliskipulag af athafnasvæði í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Umsagnir óskast sendar á jbh@verkis.is (mailto:jbh@verkis.is) eða á sudavik@sudavik.is (mailto:sudavik@sudavik.is) eigi síðar en 11.nóvember nk.

kveðja

Jóhann Birkir Helgason

 VerkisÚtibússtjóri / byggingartæknifræðingur | Branch Office Manager / Civil
Engineer B.Sc.
+354 422 8934 | +354 898 3772 | jbh@verkis.is (mailto:jbh@verkis.is)

 Lina

 Verki
s90 Hafnarstræti 1 | 400 ÁfÁ safjÁfÁrÁfÁur | +354 422 8000 |
www.verkis.is (http://www.verkis.is/) | Disclaimer
(<http://www.verkis.is/disclaimer>)